

**Ed.**

**679. Nefndarálit**

**[73. mál]**

um frv. til l. um stuðning við bændur til bústofnsaukningar og vélakaupa.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarpi þessu var vísað til fjárhagsnefndar 10. nóv. 1960. Þótt málið hafi legið hjá nefndinni rúma fjóra mánuði, hafa fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni ekki enn fengið til að afgreiða það.

Með frv. þessu er lagt til, að komið verði á fót bústofnslánasjóði, er sé í vörzlu Búnaðarbankans, en undir sérstakri stjórn.

Samkvæmt frv. er hlutverk bústofnslánasjóðs þrjúþætt:

- 1) Lánveitingar til bústofnskaupa.
- 2) Lán til búvélakaupa.
- 3) Lán eða stuðningur til greiðslu óviðráðanlegra lausaskulda bænda.

Stofnfé bústofnslánasjóðs á að nema 50 millj. kr., þar af 20 millj. kr. óafturkræft framlag ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir, að hinn hluti stofnfjárins sé tekinn að láni með ríkisábyrgð.

Þörfin á, að ríkisvaldið leysi þessi verkefni, er afar brýn.

Margir bændur þurfa að auka bústofn sinn, til þess að þeir geti komið sæmilega af og staðið straum af margháttuðum framkvæmdum á jörðum sínum. Og augljós er þörf frumbýlinga fyrir bústofnslán.

Búskap er ekki hægt að stunda nú á dögum nema með nokkrum vélakosti. Að staða þeirra bænda, sem hafa ekki nauðsynleg tæki og vélar, er algerlega vonlaus. En efnalitlum bændum er ókleift að kaupa vélarnar, eftir að þær hafa stórhækkað í verði vegna efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar, nema þeir eigi kost á hagkvæmum lánum í því skyni. Úr þessu er bústofnslánasjóði ætlað að bæta.

Á undanfórnum árum hafa margir bændur lagt í fjárfrekar framkvæmdir. Hin föstu lán, sem kostur hefur verið á, hafa engan veginn nægt til greiðslu kostnaðarins. Allmargir bændur hafa því safnað lausaskuldum. Hér við bætist, að vaxtaokrið og hinn stórhækkaði framleiðslukostnaður leggst nú á atvinnureksturinn með miklum þunga. Með frv. þessu er stefnt að því að létta fjárhagserfiðleika þessara manna með starfsemi bústofnslánasjóðs.

Með engu móti verður á það fallið, að fjármagn skorti til að koma á lána-starfsemi þeirri, sem frv. þetta kveður á um. Ríkisstjórnin hefur mikið fé til umráða. Um síðustu áramót fékk hún t. d. frá Bandaríkjunum óafturkræft framlag, sem nemur á þriðja hundrað millj. kr.

Hér er um afar þýðingarmikið mál að ræða og fullkomlega tímabært að setja um það löggjöf.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. marz 1961.

Karl Kristjánsson.